

Nd.

475. Frumvarp til laga

[221. mál]

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaup-
tún vegna landakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

1. málsg. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur árlega fram 10 millj. króna á árunum 1974—1983, sem ríkis-
stjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kaup-túnum til þess að kaupa lönd og
lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. málsgrein 1. gr. laga nr. 41 27. apríl 1963 um aðstoð ríkisins við
kaupstaði og kaup-tún vegna landakaupa, skyldi ríkissjóður leggja árlega fram 3
millj. króna á árunum 1963—1972, er ríkisstjórninni væri heimilt að lána kaupstöð-
um og kaup-túnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi
sveitarfélags.

Framlagsskylda ríkissjóðs samkvæmt þessu ákvæði var til ársloka 1972.

Þar sem nauðsynlegt er talið að framlengja þessa framlagsskyldu ríkissjóðs
er ráð fyrir því gert í frumvarpi þessu og þykir hæfilegt að hún verði látin gilda
í önnur tíu ár.

Samkvæmt lögum nr. 41/1963, hefur 29 sveitarfélögum verið veittar samtals
kr. 34 821 288.00 til landakaupa. Beiðnir um þessa aðstoð hafa árlega farið vaxandi
og liggja nú fyrir í félagsmálaráðuneytinu óafgreiddar beiðnir um aðstoð sem hér
segir:

1. Búðahreppur (eftirst.)	kr. 1 200 000.00
2. Blönduóshreppur	— 720 000.00
3. Hrunamannahreppur	— 1 800 000.00
4. Eyrarsveit	— ?
5. Kópavogskaupstaður	— 30 000 000.00
6. Eskifjarðarhreppur	— 1 120 000.00
7. Garðahreppur	— 2 000 000.00
8. Súðavíkurhreppur	— 1 000 000.00
9. Hvammshreppur (Vík í Mýrdal)	— 3 600 000.00
10. Seltjarnarneshreppur	— 7 000 000.00

Í öllum framangreindum lánsbeiðnum er um að ræða 60% af kostnaðarverði
hins keypta lands eða lægri hundraðstölu. Þá liggja fyrir í ráðuneytinu meðmæli
Skipulagsstjórnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga með öllum þessum beiðnum.

Samband íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstjórn ríkisins hafa eindregið hvatt
til áframhalds á umræddri aðstoð og jafnframt lagt eindregið til, að framlög til
landakaupa verði verulega aukin. Hér er gert ráð fyrir, að árleg framlög úr ríkis-
sjóði verði 10 millj. króna, og virðist svo, að ekki verði komið af með minna, ef
sjóður þessi á að vera fær um að gegna hlutverki sínu, enda myndi 3 milljón króna
framlag á árinu 1963 jafngilda tæpu 9 millj. króna framlagi á árinu 1973, miðað
við hækkun á vísitölu vöru og þjónustu á þessum tíu árum.